



# Menntaskólinn í Reykjavík

**Kennsluáætlun:** STÆR2LT05 veturinn 2022-2023.

**Kennari:** Kári Sigurðsson, Steinunn María Stefánsdóttir.

**Kennslugögn:** Tölfræði eftir Jón Þorvarðarson.

**Bekkur:** 5.A, 5.B.

## Lýsing:

Gröf, miðsækni og dreifing, staðalfrávik, talningarfræði, líkindafræði, normaldreifing, Z-stig, fylgni.

## Markmið í yfirferð – birt með fyrirvara

### Haustmisseri:

Vika 1-4: Tíðnidreifing, prósentur, myndræn framsetning í tölfræði, gröf, miðsækni (kaflar 1-3).

Vika 5-10: Mæling á dreifingu gagna, talningarfræði (kaflar 4 og 5 að bls. 101).

Vika 11-15: Líkindafræði og tvíliðureglan (kaflar 5 og 6 að bls. 144).

### Vormisseri:

Vika 1-4: Normaldreifingin, úrtaksfræði og úrtaksdreifing (kaflar 6 frá bls. 144 og kaflar 7).

Vika 5-10: Tölfræðiverkefni sem nemendur vinna auk þess sem farið er í öryggismörk, öryggisbil og úrtaksstærð (kaflar 8.1-8.4).

Vika 11-14: Núlltilgátan, samanburðartölfræði og fylgni (kaflar 8.5-8.6, 9.1 og 10)

## Námsmat

Námsmat í þessum áfanga byggist á reglubundnum skriflegum æfingum (um 3 á hvoru misseri), frammistöðu nemandans í tímum og vinnubrögðum við heimanám og skriflegum misserisprófum.

### • Námseinkunn:

- Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum á haustmisseri 1/6.
- Jólapróf 1/6.
- Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum á vormisseri 1/3.
- Meðaltal einkunna úr stórum verkefnum 1/6.



## Menntaskólinn í Reykjavík

- Mat kennara á frammistöðu nemandans í tímum, vinnubrögðum við heimanám, munnlegri og skriflegri framsetningu stærðfræðinnar, fræðilegri yfirsýn og stærðfræðilegu innsæi ásamt verkefnum 1/6.
- **Jólapróf** er skriflegt próf í 90 mínútur og er hluti þess úr lesnu efni.
- **Vorpróf** er stúdentspróf og er tekið úr öllu námsefni 4. og 5. bekkjar og er hluti þess úr lesnu efni. Um er að ræða þriggja klukkustunda skriflegt próf.